



Sérkennsla í Leikskólum Reykjavíkur

Stefnumótun 2002

Inngangur

Í *Stefnumótun Leikskóla Reykjavíkur til 2002* segir að meginmarkmið stefnumótunar hvað varðar uppeldisstarf í leikskólum í Reykjavík sé:

„Að móta heildarstefnu leikskólanna og skerpa allar meginlínur í starfseminni. Að skilgreina hvað er gæðastarf í leikskóla.“

Sérkennslumál eru einn af mörgum mikilvægum þáttum í starfsemi leikskóla en undir þennan málaflokk falla málefni barna með sérþarfir. Í *Stefnumótun Leikskóla Reykjavíkur til 2002* segir að markmið stefnumótunar í sérkennslumálum sé:

„Að gera sérkennslumál innan Leikskóla Reykjavíkur markvissari með það í huga að öll börn innan þeirra fái kennslu og þjónustu við hæfi.“

Haustið 1997 var skipaður starfshópur sem vann að stefnumótun um sérkennslumál. Niðurstöðum var skilað með kynningu vorið 1999. Í starfshópnum sátu:

Jónína Konráðsdóttir, leikskólastjóri, Leikskólanum Sólborg

Ásrún Guðmundsdóttir, leikskólasérkennari, Ráðgjafar- og sérkennsludeild

Bryndís Stefánsdóttir, leikskólastjóri, Leikskólanum Hamraborg

Jóhann Thoroddsen, deildarstjóri, Ráðgjafar- og sérkennsludeild

Ragnildur Helga Guðbrandsdóttir, þroskaþjálfari, Leikskólanum Ösp

Þórhalla Guðmundsdóttir, leikskólasérkennari, Ráðgjafar- og sérkennsludeild

Verkefnisstjóri var Jónína Konráðsdóttir og sá hún jafnframt um skýrslugerð.

Markmið starfshópsins með vinnu sinni voru að:

- gera þá vinnu sem unnin er í leikskólum með börn með sérþarfir sýnilegri og skilvirkari.
- safna saman upplýsingum um sérkennslu í leikskólum og setja í aðgengilegt form fyrir foreldra og starfsfólk.
- samræma reglur, hefðir og vinnuaðferðir varðandi börn með sérþarfir í Leikskólum Reykjavíkur.

Skýrsla þessi skýrir í stuttu máli vinnu starfshópsins auk þess sem helstu niðurstöður og tillögur eru settar fram og sagt er frá því sem framkvæmt var af tillögum hópsins á stefnumótunartímabilinu. Heftið *Framkvæmd sérkennslu í Leikskólum Reykjavíkur – Leiðarvísir* sem einnig var unnið af starfshópnum um sérkennslumál inniheldur síðan hagnýtar lýsingar á ferlum og upplýsingar um framkvæmd á tillögum hópsins.

Jónína Konráðsdóttir, verkefnisstjóri

Sérkennsla í Leikskólum Reykjavíkur

Stefnumótun til 2002

Sérkennsla í Leikskólum Reykjavíkur er yfirgripsmikill málaflokkur og hefur umfang hennar vaxið mikið undanfarin ár. Foreldrar sækja í auknum mæli um leikskóladvöl fyrir fötluð börn sín og vilja þá gjarnan að barnið sæki heimaleikskóla. Náms- og félagslegar sérþarfir barna eru greindar fyrr en áður og auknar kröfur eru gerðar um að þeim sé mætt í leikskólanum. Enn fremur eru vaxandi kröfur gerðar um sérhæfð meðferðarúrræði og ráðgjöf til foreldra. Við upphaf stefnumótunarvinnu þótti nauðsynlegt að skerpa skilgreiningar, skrá skyldur og hlutverk Leikskóla Reykjavíkur og í framhaldi af því móta stefnu og gera tillögur um framkvæmd þjónustu fyrir þennan málaflokk.

Uppbygging og nálgun verkefnis

Starfshópurinn hóf vinnu sína seint á árinu 1997 og leitaðist í fyrstu við að fá heildarsýn yfir málaflokkinn „sérkennslu“ og hugtökin „sérkennslumál“, „öll börn“ og „þjónusta og kennsla við hæfi“. Fyrsta verkefni hópsins var að framkvæma stöðumat og skilgreina um hvaða hóp barna var að ræða, greina þarfir hans og þá þjónustu sem Leikskólar Reykjavíkur veittu á þessum tíma.

Stefna starfshópsins var að:

- skýra þjónustuhlutverk og skyldur Leikskóla Reykjavíkur við „börn með sérþarfir“ og fjölskyldur þeirra.
- móta stefnu og hugmyndafræði um framkvæmd þjónustunnar.
- túlka markmið og hlutverk leikskólans.
- túlka markmið og hlutverk stoðþjónustu.
- móta skýrar samskipta- og samstarfsreglur innan Leikskóla Reykjavíkur og við aðrar stofnanir varðandi „börn með sérþarfir“.

Verkþættir

Forvinnu starfshópsins var skipt í eftirtalda sex verkþætti:

1. Skilgreina hugtökin „öll börn“ og „börn með sérþarfir“ sem jafnframt eru markhópur þessa verkefnis.
2. Skilgreina fatlanir/frávik og þarfir barna með sérþarfir.
3. Kanna ríkjandi hugmyndafræði um þarfir barna með sérþarfir fyrir þjónustu ásamt helstu áherslum í þjónustu og tilhögun hennar. Kanna jafnframt rétt barna með sérþarfir á þjónustu eins og hann kemur fram í íslenskri löggjöf.
4. Skilgreina þá þjónustu sem Leikskólar Reykjavíkur veita börnum með sérþarfir og fjölskyldum þeirra við núverandi aðstæður.
5. Kanna viðhorf foreldra, starfsfólks leikskóla, tilvísunaraðila og viðtökuskóla til gæða þjónustunnar í Leikskólum Reykjavíkur.
6. Skilgreina og rökstyðja hvert hlutverk Leikskóla Reykjavíkur er/verður við að mæta þörfum barna með sérþarfir fyrir þjónustu og nám í leikskóla. Skilgreina „gæðaþjónustu“ fyrir börn með sérþarfir í Leikskólum Reykjavíkur.

Hér á eftir er að finna nánari lýsingu á framangreindum sex verkþáttum. Sagt er frá helstu niðurstöðum starfshópsins, tillögum og framkvæmd á stefnumótunartímabilinu.

Verkþáttur 1

Skilgreina hugtökin „öll börn“ og „börn með sérþarfir“ sem jafnframt eru markhópur þessa verkefnis.

Niðurstöður

Með hugtakinu „öll börn“ er átt við heildarfjölda barna á leikskólaaldri í Leikskólum Reykjavíkur og hjá dagmæðrum. Hugtakið nær einnig yfir börn á biðlistum og börn sem ekki sækja leikskóla nú af heilsufarsástæðum.

Börn með sérþarfir eru börn með fatlanir og/eða þroskafrávik, félagslega og tilfinningalega erfiðleika, málhömlun og/eða málerfiðleika. Hér er bæði átt við börn sem eiga við langvarandi erfiðleika að etja og jafnframt þau börn sem ætla má að vinni bug á erfiðleikum sínum með rétttri aðstoð. Hugtakið nær jafnframt yfir þau börn sem ekki geta sótt leikskóla af heilsufarsástæðum. Um 6-7% barna á leikskólaaldri teljast vera með sérþarfir. Könnun sem framkvæmd var í júní 1997 leiddi í ljós að auk þessara barna skilgreinir starfsfólk leikskóla 300-500 börn sem taka verður sérstakt tillit til í leikskólastarfinu. Sum þessara barna eru með væg frávik en önnur með alvarleg vandamál. Samkvæmt þágildandi reglum um sérkennslutíma fékk þessi hópur barna ekki sérkennslu.

Tillögur um skilgreiningar

Börn með sérþarfir eru börn sem taka verður sérstakt tillit til í leikskólastarfi vegna:

- fötlunar eða þroskafrávik.
- félagslegra og tilfinningalegra erfiðleika.
- mál- og menningarlegra aðstæðna.

Hér er bæði átt við börn sem eiga við langvarandi erfiðleika að etja og börn sem ætla má að vinni bug á erfiðleikum sínum með rétttri aðstoð.

Verkþáttur 2

Skilgreina fatlanir/frávík og þarfir barna með sérþarfir.

Starfshópurinn skilgreindi ellefu flokka fatlana/frávika og afleiðingar þeirra fyrir barnið og umhverfi þess. Þessari flokkun var ekki ætlað að vera tæmandi úttekt heldur var hún gerð í þeim tilgangi að skoða og sýna að börn geta átt við margvíslega erfiðleika að stríða og taka þarf tillit til margra þátta við leikskólagöngu þeirra. Starfshópurinn skilgreindi hvað felst í sérkennslu og stuðning fyrir leikskólabörn með sérþarfir og velti fyrir sér hvaða þekkingu og hæfni starfsfólk þarf að búa yfir til að geta veitt þeim viðeigandi þjónustu. Þarfir fjölskyldna barna með sérþarfir voru skilgreindar með það í huga að leita leiða til að bæta þjónustu við barnið. Þegar meta á gæði þjónustu við börn með sérþarfir þótti mikilvægt að skoða þá þjónustu sem fjölskyldunni er veitt.

Niðurstöður

Fatlanir, sérþarfir og aðrir erfiðleikar barna eru margvísleg enda engin tvö börn eins. Starfsfólk leikskóla vinnur ekki bara með barnið heldur einnig með fjölskyldu þess. Starfsfólk þarf víðtæka menntun og þekkingu til að geta veitt börnum og fjölskyldum þeirra gæðapjónustu og þarf starfsfólk mun meiri handleiðslu og ráðgjöf en núverandi mannaflí Ráðgjafar- og sálfræðideildar (hér eftir skammstafað RÁS deild) leyfir.

Tillögur

- Sníða verður sérkennslu að þörfum hvers barns og skal það gert með gerð og framkvæmd einstaklingsnámskrár þar sem markmið eru sett fyrir barnið og leiðir að markmiðum skilgreindar.
- Leita skal leiða, t.d. í gegnum einstaklingsnámskrá, til að gera þátt foreldra í námskrárgerð og námi barna sinna skilvirkari og markvissari.
- Setja verður viðmiðunarreglur um menntun og þekkingu starfsfólks sem ber ábyrgð á að mæta þörfum barna með sérþarfir í leikskólum.
- Skrá þarf vinnureglur um samstarf við aðra sérfræðinga og samstarfsaðila sem koma að sérkennslu og/eða þjálfun barnsins.

- Auka þarf sérfræðiþjónustu við foreldra, sem dæmi má nefna aukna ráðgjöf og áfallahjálp í kjölfar greiningar barns, upplýsingagjöf um rétt foreldra til þjónustu og systkinaráðgjöf.

Framkvæmd

- Starfsþróunardeild hefur skipulagt námskeið um gerð einstaklingsnámskrár sem starfsfólki leikskóla stendur til boða.
- Heftið *Framkvæmd sérkennslu í Leikskólum Reykjavíkur – Leiðarvísir* inniheldur lýsingar á ferlum við gerð einstaklingsnámskrár og tillögur að eyðublöðum sem nota má til að efla þátttöku foreldra.

Verkþáttur 3

Kanna ríkjandi hugmyndafræði um þörf barna með sérþarfir fyrir þjónustu ásamt helstu áherslum í þjónustu og tilhögun hennar. Kanna jafnframt rétt barna með sérþarfir á þjónustu eins og hann kemur fram í íslenskri löggjöf.

Margvíslegt efni var skoðað, svo sem alþjóðlegar samþykktir eins og Salamanca yfirlýsingin, lög og reglugerðir og *Aðalnámskrá leikskóla*. Megináhersla í þessum ritum var lögð á nám án aðgreiningar, þ.e. að sömu tilboð standi fötluðum og ófötluðum til boða á sama stað. Áhersla var jafnframt lögð á mikilvægi samstarfs við foreldra þegar mæta á þörfum barnsins.

Niðurstöður

Sameiginlegt nám fatlaðra og ófatlaðra barna eða nám án aðgreiningar er grunnurinn þegar mæta á þörfum barna með sérþarfir. Börn með sérþarfir hafa ólíkar þarfir og hentar engin ein sérkennsluáferð þeim öllum.

Hugmyndafræði „snemmtækrar íhlutunar“ eða „early intervention“ inniheldur áherslur og markmið sem starfshópurinn telur æskilegt að starfa eftir. Þegar vinnuáferðir og hugmyndafræði leikskólauppeldis hjá Leikskólum Reykjavíkur eru bornar saman við hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar má greina marga sameiginlega þætti, t.d.:

- Við getum breytt og bætt þroskamöguleika barns með því að byrja snemma að beita markvissum íhlutunaraðgerðum.
- Skynfæri einstaklinga eru móttækilegri fyrir örvun á leikskólaárunum en seinna á ævinni. Leggja skal áherslu á námsumhverfi barnsins við mótun jákvæðrar sjálfsmyndar og félagskenndar.
- Sameiginlegt nám fatlaðra og ófatlaðra barna getur skapað aðstæður sem örva eðlislæga hvöt barna til sjálfsnáms.
- Leggja ber áherslu á þátttöku foreldra og samstarf foreldra og starfsfólks.

Tillögur

- Lagt er til að Leikskólar Reykjavíkur móti heildarstefnu í sérkennslu sem tekur mið af áherslum snemmtækrar íhlutunar, alþjóðlegum samþykktum sem Ísland er aðili að og *lögum um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra* og *Aðalnámskrá leikskóla*. Með hliðsjón af slíkri heildarstefnu má síðan meta óskir um sérstaka eða óhefðbundna kennslu eða þjálfunarmeðferð í leikskólanum.

Framkvæmd

Heildarstefna í sérkennslumálum var mótuð og kynnt vorið 1999. Umfjöllun um stefnuna er að finna í heild sinni í ritinu *Framkvæmd sérkennslu í Leikskólum Reykjavíkur – Leiðarvísir*.

Verkþáttur 4

Skilgreina þá þjónustu sem Leikskólar Reykjavíkur veita börnum með sérþarfir og fjölskyldum þeirra við núverandi aðstæður.

Þessum þætti var skipt upp í þrjú meginatriði:

- A) Þjónusta/kennsla í leikskólanum.
- B) Stoðþjónusta Leikskóla Reykjavíkur og samskipti leikskóla og stoðþjónustu.
- C) Samskipti og tengsl við aðrar stofnanir og sérfræðinga.

A) Þjónusta/kennsla í leikskólanum

Niðurstöður

Fötlud börn dvöldu í flestum leikskólum en framkvæmd sérkennslu var ólík bæði hvað varðar fyrirkomulag og umgjörð. Fáir leikskólar settu sjálfir saman einstaklingasnámskrár.

Tillögur

- Samræma þarf hugmyndafræði og vinnuaðferðir leikskólanna varðandi það hvar og hvernig sérkennsla fer fram.
- Starfsfólk sem ber ábyrgð á sérkennslu í leikskólanum þarf að hafa víðtæka þekkingu og menntun.
- Leggja ber áherslu á að allt starfsfólk deildarinnar þar sem barnið dvelur taki þátt í kennslu og umönnun þess.
- Þátttaka allra starfsmanna er mikilvæg og er því lagt til að leikskólastarfsfólk sjái um gerð einstaklingsnámskrár og skilgreini þar hlutverk allra starfsmanna.
- Ferlið við gerð einstaklingsnámskrár skal innihalda leiðir til að tryggja þátttöku foreldra.

- Starfsfólk leikskólanna þarf aukna ráðgjöf og handleiðslu m.a. um sameiginlegt nám fatlaðra og ófatlaðra og hvernig mæta má sérþörfum barna í almennu leikskólastarfi.

Framkvæmd

- Haustið 1999 skipulagði Starfsþróunardeild Leikskóla Reykjavíkur röð námskeiðsdaga þar sem 7-8 leikskólar tóku í senn þátt í fyrirlestrum og hópvinnu. Yfirskrift námskeiðsdagsins og aðalfyrirlestur var „Nám án aðgreiningar“ og stóð leikskólastarfsfólki til boða þjálfun í gerð einstaklingsnámskrár.
- Í sérkennslustefnu Leikskóla Reykjavíkur er áhersla lögð á að sérkennsla fléttist inn í leikskólastarfið og fari m.a. fram í daglegum athöfnum og leik.

B) Stoðþjónusta Leikskóla Reykjavíkur og samskipti leikskóla og stoðþjónustu

Niðurstöður

RÁS deild er ætlað stórt hlutverk í stoðþjónustu við starfsfólk, börn og foreldra í Leikskólum Reykjavíkur. Samskipti við tengistofnanir og tilvísunaraðila er einnig mikilvægur þáttur ásamt umsjón með leikfangasafni. Þegar líður á leikskólaárið lengist biðlisti deildarinnar í allt að tvo mánuði nema um bráðatilvik sé að ræða. Starfsfólk leikskóla þarf auk þess oft á ráðgjöf sérfræðinga að halda fyrir utan RÁS deild, svo sem aðstoð iðjuþjálfara, sjúkraþjálfara og talmeinafræðinga.

Tillögur

- Fjölga þarf stöðugildum við RÁS deild svo ekki myndist biðlisti eftir athugun.
- Talkennari þarf að vera hluti af greiningarteymi RÁS deildar.
- Ráðgjöf iðju- og sjúkraþjálfara skal standa starfsfólki til boða.
- Auka þarf skilvirkni erindisblaðs og efla markvissa nýtingu þess.
- Upplýsingar um hlutverk og þjónustu RÁS deildar þarf að skrá og setja í aðgengilegt form.

- Setja þarf reglur um það eftir hvaða viðmiðum úthlutað er af sérkennslukvóta og þurfa þessar reglur að vera aðgengilegar leikskólastjórnendum.

Framkvæmd

- Erindisblað vegna tilvísana á RÁS deild var endurhannað og kynnt veturinn 2000. Blaðið nýtist nú mun betur, mál einstakra barna eru sýnilegri, tilvísanir glatast síður og fá þverfaglega umfjöllun.
- Upplýsingar um hlutverk og þjónustu RÁS deildar eru að finna í *Framkvæmd sérkennslu í Leikskólum Reykjavíkur – Leiðarvísir*.

C) Samskipti og tengsl við aðrar stofnanir og sérfræðinga

Niðurstöður

Leikskólar hafa mótað eigin reglur og hefðir varðandi samskipti við sérfræðinga sem starfa með barnið utan leikskólans. Samstarfið tengist einnig einstökum kennsluáðferðum eins og sú teymisvinna sem tíðkast í aðferð Irene Johansson.

Tillögur

- Leggja þarf áherslu á það við leikskóla að öll samskipti við sérfræðinga og tengistofnanir séu með milligöngu og í samráði við RÁS deild.
- Samræma þarf reglur og hefðir í samskiptum leikskóla við sérfræðinga og stofnanir fyrir utan Leikskóla Reykjavíkur.
- Skrá þarf ferli við útskrift barna með sérþarfir og þá sérstaklega hlutverk leikskóla í miðlun upplýsinga til viðtökuskóla.

Framkvæmd

- Í heftinu *Framkvæmd sérkennslu í Leikskólum Reykjavíkur – Leiðarvísir* er að finna lýsingu á ferli við útskrift barna með sérþarfir og tillögur að eyðublaði vegna samskipta við aðra sérfræðinga.
- RÁS deild hefur kynnt þá reglu sína að ráðgjafi deildarinnar skuli ávallt sitja fundi með öðrum ráðgefandi sérfræðingum.

Verkþáttur 5

Kanna viðhorf foreldra, starfsfólks Leikskóla Reykjavíkur, tilvísunaraðila og viðtökuskóla til gæða þjónustunnar hjá Leikskólum Reykjavíkur.

Niðurstöður - Viðhorf foreldra og starfsfólks leikskóla

Vorið 1997 voru leikskólastjórar spurðir hvort börn sem sýndu frávík í þroska fengu þann stuðning og sérkennslu sem þau þyrftu. Fram kom að mörg þessara barna fengu ekki nægan stuðning þar sem þau féllu ekki undir þágildandi skilgreiningu menntamálaráðuneytis um veittan stuðning í leikskóla.

Ekki náðist að kanna formlega viðhorf foreldra til veittrar þjónustu. Óformlegar kannanir leiddu aftur á móti í ljós að foreldrum reynist hvað erfiðast að börn þeirra geta ekki fengið alla þá þjónustu sem þau þurfa á einum stað, í leikskólanum. Foreldrar verða því oft að sækja barnið um miðjan dag og fara með það í þjálfun utan leikskólans. Það er erfitt fyrir barnið auk þess sem slíkar ferðir eru kostnaðarsamar og tímafrekar fyrir útivinnandi foreldra.

Tillögur

- Stórauka þarf fjárframlög til sérkennslumála bæði til að efla stoðþjónustu og til að styðja við barnið í leikskólanum.
- Móta þarf reglur um úthlutun sérkennslutíma vegna barna með sérþarfir.
- Leita þarf leiða til að sú sérhæfða þjálfun sem barnið þarf á að halda geti farið að einhverju leyti fram í leikskóla barnsins.

Framkvæmd

- Í fjárhagsáætlun fyrir árið 1998 voru framlög til sérkennslumála aukin til muna. Í kjölfarið var unnt að sækja um stuðning fyrir börn með aðrar sérþarfir en reglur menntamálaráðuneytisins náðu yfir.
- Leikskólum er nú veitt fast árlegt fjárframlag sem á að fara til sérkennslu og stuðnings við börn sem ekki falla undir fyrri skilgreiningu um fötlun.

Niðurstöður - Viðhorf tilvísunaraðila og viðtökuskóla

Leitað var eftir álitum starfsmanna hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins á áherslum leikskólans vegna fatlaðra barna en stöðin er tilvísunaraðili Leikskóla Reykjavíkur. Fram kom að þeir töldu brýnt að vel menntað starfsfólk sinnti börnunum. Rætt var við fulltrúa sérskóla sem er viðtökuskóli Leikskóla Reykjavíkur og kom fram að þeir töldu börnin vel búin undir grunnskólagöngu.

Tillögur

- Að útbúa og skrá ferlið við upphaf og lok leikskólagöngu barns með sérþarfir. Mikilvægt er að skilgreina hvaða upplýsingar leikskólinn lætur viðtökugrunnskóla í té og á hvaða formi.

Framkvæmd

- Heftið *Framkvæmd sérkennslu í Leikskólum Reykjavíkur – Leiðarvísir* inniheldur ferlislýsingu bæði við innritun og útskrift barns úr leikskóla.

Verkþáttur 6

Skilgreina og rökstyðja hvert hlutverk Leikskóla Reykjavíkur er/verður við að mæta þörfum barna með sérþarfir fyrir þjónustu og nám í leikskóla. Skilgreina „gæðaþjónustu“ fyrir börn með sérþarfir í Leikskólum Reykjavíkur.

Umsóknir um leikskólavist fyrir fötluð börn og börn með sérþarfir fá forgang og ef fötlun barnsins er sértæk fær umsókn þess sérstaka meðhöndlun. Leikskólum er úthlutað sérkennslutímum vegna einstakra barna og eiga þeir að renna til sérkennslu og stuðnings barninu í leikskólastarfinu. Gæðaþjónusta við börn með sérþarfir verður ekki slitin úr samhengi við þjónustu við fjölskyldu barnsins. Gæðaþjónusta er jafnframt fólgin í stuðningi og ráðgjöf við starfsfólkið sem annast uppeldi og menntun barna með sérþarfir í leikskólanum.

Tillögur um gæðaþjónustu fyrir börn með sérþarfir

- Leikskóladvöl þar sem komið er til móts við sérþarfir barnsins.
- Unnið er með barnið samkvæmt einstaklingsnámskrá þar sem markmið íhlutunar eru vel skilgreind og fram kemur hvenær og hvernig starfsfólk vinnur að markmiðunum.
- Unnið er að virkri hlutdeild barnsins í leikskólastarfinu.
- Foreldrar eru virkir þátttakendur í ákvarðanatöku um innihald námskrár fyrir barnið.
- Hvatt er til þátttöku foreldra á öllum fundum sem haldnir eru varðandi barnið.
- Foreldrar fá afrit af öllum skriflegum upplýsingum sem leikskólinn lætur samstarfsaðilum í té.
- Foreldrar eru einnig samstarfsaðilar og eru þess vegna hvattir til að koma og fylgjast með barninu í leikskólanum.
- Þjálfun eða kennsla annarra sérfræðinga en þeirra sem starfa í leikskólanum, t.d. iðjuþjálfara, sjúkraþjálfara eða talkennara, fer að einhverju eða öllu leyti fram í leikskólanum.

- Foreldrum stendur til boða áfallahjálpi í kjölfar greiningar á fötlun barnsins og áframhaldandi ráðgjöf þegar þörf krefur.
- Foreldrar eiga kost á ráðgjöf fyrir systkini fatlaðs barns.
- Enginn biðlisti er vegna erinda starfsfólks/foreldra um greiningu á börnum eða eftir ráðgjöf til starfsfólks varðandi þátttöku barns með sérþarfir í leikskólastarfi.
- Aðstæðum er hagað þannig að á einhverri leikskóladeild er hægt að bjóða þeim börnum leikskólavist sem nú eru utan leikskólakerfisins af heilsufarsástæðum.

Framkvæmd

Heftið *Framkvæmd sérkennslu í Leikskólum Reykjavíkur – Leiðarvísir* inniheldur stefnuna sem Leikskólar Reykjavíkur hafa mótað í sérkennslumálum. Það inniheldur jafnframt ýmsar upplýsingar og lýsingar á ferlum sem ætlað er að stuðla að framkvæmd gæðapjónustu fyrir börn með sérþarfir í Leikskólum Reykjavíkur.